

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um sóknaráætlun vegna lista, menningar og nýsköpunar.

1. *Mun áætlun fyrir listir, menningu og annað nýsköpunarstarf sem forsætisráðherra sagði í áramótaávarpi 31. desember 2013 að unnið væri að á vegum mennta- og menningarmálaráðherra og ríkisstjórnarinnar birtast á þessu ári eins og fullyrt var í ávarpinu?*

Á yfirstandandi ári hefur verið unnið að drögum að sóknaráætlun í listum, menningu og öðru nýsköpunarstarfi í samræmi við þá yfirlýsingu sem forsætisráðherra gaf í áramótaávarpi sínu 31. desember síðastliðinn.

Þeirri vinnu er enn ekki lokið og mun afrakstur hennar ekki birtast á þessu ári.

2. *Hvaða aðilar hafa verið kallaðir til samráðs við gerð áætlunarinnar?*

Vinnan hefur enn sem komið er einungis verið unnin innan vébanda mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Kynning og samráð við hagsmunaaðila mun fara fram áður en endanleg áætlun verður kynnt.